

sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, pósti og vörur, á flugleiðinni Reykjavík—Suðureyri—Reykjavík, á tímabilinu frá 25. nóvember 1975 til 31. desember 1980.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 25. nóvember 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.**

### 1. gr.

Í stað orðanna „kr. 20.20 pr. líter“ í 2. mgr. a liðar 3. gr. komi orðin: 24.20 pr. líter.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 19. nóvember 1975 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. nóvember 1975.*

**F. h. r.**

**Þórður Ásgeirsson.**

*Arnmundur Backman.*

## REGLUGERÐ

**um gatnagerðargjöld í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.**

### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

### 3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	1.5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	1.5%
Fjölbýlishús .....	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2.0%
Önnur hús og byggingar .....	1.5%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálf guld.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu .....	500 m <sup>3</sup>
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð ..	400 m <sup>3</sup>
Fjölbýlishús .....	300 m <sup>3</sup>

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

#### 4. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	4.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	3.0%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús .....	3.0%
Fjölbýlishús .....	2.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	4.0%
Önnur hús og byggingar .....	3.0%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

#### 5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

#### 6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins. getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

#### 7. gr.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðal vísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

**8. gr.**

Nú ákveður sveitarstjórn að innheimta gjald, skv. 4. gr., af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, skal miða gjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

**9. gr.**

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á sömu gjalddögum.

**10. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

**11. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi er samín og samþykkt af hreppsnefnd Hvolshrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**G J A L D S K R Á****fyrir heimilisþjónustu á vegum Selfosshrepps.****1. gr.**

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar.

1. taxti	.....	kr.	0.00	á	tímann
2. taxti	.....	—	100.00	-	—
3. taxti	.....	—	200.00	-	—
4. taxti	.....	—	300.00	-	—

**2. gr.**

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Hreppsnefnd er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.